

Námsmenn erlendis athugið; þegar send eru vottorð frá skólum um námsárangur þurfa að koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- Heiti skólans (á bréfsefni).
- Fullt nafn námsmanns.
- Kennitala námsmanns eða fæðingardagur.
- Tímabilið sem vottorðið gildir fyrir (misseri/fjórðungur).
- Loknar einingar á tímabilinu.
- Ef námsárangur er ekki metinn í einingum þá þarf að koma fram í vottorðinu greinargott mat á námsárangri/ástundun á tímabilinu.
- Undirskrift starfsmanns skóla þarf að vera á vottorðinu og/eða stimpill skóla.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmaður tekur einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef námsframvinda er metin í vottorðinu.

Heimilt er að veita lán út á 30 ECTS-einingar ef skýrt kemur fram í vottorði að viðkomandi hafi stundað fullt nám. Þegar niðurstaða námsársins liggur fyrir er námsframvindan endurmetin og kunna áður afgreidd lán að vera endurkræf sem ofgreidd lán. Sjá grein 2.4.2 í úthlutunarreglum LÍN.

Sé námsmaður að ljúka námi er ekki heimilt að afgreiða lán að fullu á námsárinu fyrr en staðfesting á námslokum liggur fyrir.